

## Ályktun um atvinnumál

Ársfundur Starfsgreinasambands Íslands skorar á félagsmálaráðherra að sjá til þess að án tafar verði sett lög um starfsmannaleigur til að vinna gegn félagslegum undirboðum og ólögætum launakjörum hér á landi.

### Greinargerð:

Í þeirri alþjóðavæðingu sem nú er orðin hefur hvort tveggja gerst, íslenskt atvinnulíf haslar sér völl á erlendri grund og erlend fyrirtæki og verkafólk sækja íslenskan vinnumarkað heim. Þensla vegna stóriðjuframkvæmda og stórfelldur innflutningur á vinnuafli í því sambandi, raskar hefðbundnum vinnumarkaði og þeim grundvallarreglum sem um hann hafa gilt. Fjöldi erlendra verkamanna, utan við sammingsbundin réttindi, fer vaxandi m.a. í skjóli skorts á reglum um framkvæmd á málefnum útlendinga á vinnumarkaði og skorts á lögum og reglum um starfsmannaleigur. Stefna stjórnvalda og Samtaka atvinnulífsins virðist einkennast af viljaskorti og vanmætti til þess að taka á þessum vanda. Atvinnurekendur beita sér blygðunarlaust fyrir aðför að skipulögðum vinnumarkaði og lágmarkskjörum, m.a. með því að misnota reglur um „útsenda starfsmenn” erlendra fyrirtækja. Þetta á jafnt við um íslenskar sem erlendar starfsmannaleigur og atvinnurekendur. Það veldur óyfirstíganlegum vanda ef kjarasamningar aðila vinnumarkaðarins verða ekki virtir.